

Alþingi  
Erindi nr. P 125/682  
komudagur 24.1.2000

# ÚTLENDINGAEFTIRLITIÐ

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Borgartún 30 - 105 Reykjavík - Sími 510 5400 - Símbréf 562 3375 - Netfang utl@utl.is

Alþingi  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 21. janúar 2000

Tilvísun: 1999120033

**Efni: Mál 237. Umsögn um frumvarp til laga um þáttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, breyting ýmissa laga.**

Af hálfu Útlendingaeftirlitsins eru engar athugasemdir gerðar við framkomið frumvarp til laga um þáttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Hins vegar er minnt á nauðsyn þess að sett verði sérstök lög um málefni innflytjenda ásamt því að sett verði sérstök heilstæð lög um útlendinga. Núgildandi lög um útlendinga heita Lög um eftirlit með útlendingum og eru frá árinu 1965. Ekki er að finna neina heildstæða útlendingalöggjöf hér á landi sem veldur því að við búum við mikið óvissuástand hvað varðar öll málefni útlendinga og meðferð á málum þeirra. Auk þess stöndum við langt að baki öllum nágrannalöndum okkar hvað varðar málsmeðferð og stefnumörkun um málefni útlendinga sem ekki verður búið við lengur, bæði hvað varðar stöðu mála hér innanlands og stöðu okkar á alþjóðavettvangi.

Með kveðju

  
Georg Kr. Lárusson